

# Skráning marka

Hvenær eru mörk skráð sem sjálfsmörk

**Það sem ber að hafa í huga við ákvörðun um hver er skráður fyrir marki.**

- Var knötturinn með stefnu á markið áður en hann var snertur af öðrum leikmanni
- Er knettinum **leikið** af varnarmanni áður en hafnaði í markinu
- Ef vafi leikur á um það hvort um sjálfsmark sé að ræða eður ei skal sóknarmaðurinn njóta vafans.

## Sjálfsmark varnarliðs

**Mark er skráð sem sjálfsmark ef:**

- Leikmaður óvart eða óviljandi leikur knettinum í eigið net þ.e.a.s. segja ef að um misheppnaða sendingu á markmann er að ræða eða misheppnaða hreinsun.
- Leikmaður varnarliðs, viljandi eða óviljandi snertir knöttinn sem hefur stefnu framhá á markinu, með þeim afleiðingum að knötturinn fer í markið.
- Leikmaður varnarliðs leikur knettinum sem hefur stefnu í átt að markinu, í eigið net.

## Til leiðbeiningar

Þegar um er að ræða skot á mark þar sem knötturinn snertir eða endurkastast af leikmanni varnarliðs og þaðan í netið, þá skal ekki litið á það sem sjálfsmark. Í þessum tilfellum er ekki litið á það sem að leikmaður varnarliðs hafi leikið knettinum. Markið skal því ritast á sóknarmanninn sem lék knettinum. Athugið að stefna knattarins var upphaflega á markið.

Skot sem fer í markstöng eða slá og þaðan í leikmann varnarliðs með þeim afleiðingum að knötturinn fer inn fyrir marklínu, skráist sem sjálfsmark. Skiptir þar engu hvort knettinum er leikið af leikmanni varnarliðs eða hann fer af leikmanninum. Þetta gildir jafnt um markvörð og útileikmenn.

## Snerting samherja sóknarleikmanns

- Þegar sóknarleikmaður á skot á mark og knötturinn snertir samherja án þess að knettinum sé leikið með þeim afleiðingum að knötturinn hafnar í netinu skal markið skráð á leikmanninn sem átti upphaflega skotið.
- Skotið sem hins vegar er ekki á markið þar sem knettinum er annað hvort leikið eða snertur af samherja og berst þaðan í netið. Mark skal skráð á síðarnefnda sóknarmanninn.

## Vítaspyrnur

- Vítaspyrna er tekin og skiptir þar engu hvort hún er tekin í venjulegum leiktíma eða í framlengingu. Ef að knötturinn berst í markstöngina, þaðan í markvörðinn og í markið, skal markið skráð sem sjálfsmark.
- Vítaspyrna er tekin í vítaspyrnukeppni. Knötturinn fer í stöng eða slá, þaðan í markvörðinn og í netið. Markið telur sem hluti af vítakeppninni, en skal ekki frekar en önnur mörk í vítakeppni skráð á einhvern ákveðinn leikmann.